

**REGLUGERÐ  
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1090/2006 um hlutdeild sjúkratryggðra  
í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.:

- a. Í 1. mgr. kemur orðið „göngudeild“ á eftir orðunum „koma á slysadeild“.
- b. Í 4. mgr. fellur brott „2.“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.:

- a. Í 1. másl. 1. mgr. kemur „og 2.“ á eftir „4.-6. gr., 1.“.
- b. Á eftir 5. tölul. í 2. mgr. kemur nýr töluliður sem verður 6. töluliður en aðrir töluliðir breytast til samræmis og orðast svo:
  - 6. Fyrir komu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skv. 2. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 940.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 450.
- c. Í 3. mgr. breytist „6. tölul. 2. mgr.“ í „7. tölul. 2. mgr.“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2007.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. mars 2007.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2007